

Fundur 8.1.2024 Einar Oddur Kristjánsson

Komið þið öll blessuð og sæl.

Já góða kvöldið, góða kvöldið, velkominn.

Já er það styrkur hér í salnum hjá ykkur og máttur og gleður það mig.

Finnst mér starf ykkar ganga nokkuð vel og langaði mikið til að heyra í ykkur og tala hér úr stjórnusambandsstöð og mæti hér reglulega og orðinn öflugur mjög í framlífi og vona að þið finnið fyrir því.

Ég sinni útiveru og já ég lýsti því fyrir ykkur hvað það varð mér mikið undrunarefni að koma yfir á nýjan hnött og mér finnst þetta allt vera dagljóst og vera augljóst að skilja og þótt ég hafi ekki þekkt þessar kenningar til hlítar á gömlu jörðinni, þá var ég nokkuð fljótur að tileinka mér þetta í framlífi og gleymi því ekki og er ykkur æfinlega þakklátur fyrir að taka vel á móti mér þegar ég var nýkominn yfir og senda skilaboð til fjölskyldu minnar og þakklátur öllum sem eru hér staddir á þessum hnetti.

Hef átt hér gott líf og orkumikill, konan er hér komin og gleður það mig að hún hefur fengið æ meiri styrk eftir því sem árin hafa liðið og má segja að hún hafi náð mér og er okkur unnt að svífa lítið eitt þegar við eru í góðra vina hópi upp á sambandsstöðina og er það ánægjulegt.

Já ég vildi koma í sambandið til að hjálpa ykkur öllum kæru vinir og senda Íslensku þjóðinni bestu kveðjur og styrk og vildi ég stuðla að friði og samheldni í samfélaginu á komandi tímum og hef ég fylgst náið með fundum þeim sem verið hafa að undanfögnu í stjórnusambandsstöð okkar og þar sem áhyggjur eru viðraðar um framtíð Íslensku þjóðarinnar og Nýals stefnunnar og framtíð jarðarinnar og ógnir þær sem steðja að frá helstefnunni.

Og erum við hér með ýmiskonar aðferðir til að skynja til ykkar eins og við höfum lýst og gleður það mig í hvert skiptið sem mér tekst að koma áhrifum mínum áleiðis til íslenskra stjórnmálamanna.

Finn ég nú orkuna dvína, er hún næg mín megin, en einhver að trufla sambandið, vil ég segja nafn mitt áður en ég held lengra, það mun vonandi hjálpa mér að ná fram erindi mínu öllu.

Einar Oddur alþingismaður.

*Heill og sæll og vertu velkominn.*

Já,

*Þú ert á bak við þá í Karphúsinu ?*

Já ég vil nú ekki eigna mér það allt, en ég reyni eins og ég get að hjálpa til, já það er svo merkilegt með orkuna.

Já já við viljum halda, við höfum áhyggjur af því, við viljum halda stjórninni saman, frekar en að hún springi, teljum að það geti orðið enn verra.

*Mér skilst það.*

Já,

*Alla vega semja fyrst áður en hún springur.*

Já. Halldór Bernódusson biður að heilsa, er hérna með fiskvinnslu fyrirtæki, þið munið eftir honum?

*Já já. Og við biðjum að heilsa honum.*

Og Gvendur Jaki.

*Já.*

Ég já það mega allir vita að ég kom í sambandið og bið að heilsa fjölskyldunni og öðrum, þakka fyrir að láta vita að ég kom í gegn, ég verð nú að kveðja.

Þakka fyrir kærlega og sendi ykkur orku ef mér er unnt, verið þið sæl.

*Já þakka fyrir vertu blessaður.*